


## Hjartaflutningar, athugasemd



Auðólfur  
Gunnarsson

Höfundur er yfirlæknir  
skurðlækningsviðs  
kvennadeildar Landspítala  
Hringbraut.

VEGNA KLAUSU SEM BIRTIST í októberhefti Lækna-  
blaðsins **Framtíðin björt í hjartaflutningum**, leyfi ég  
mér að koma á framfæri eftirfarandi leiðréttingum.

Í viðtalinu, sem tekið er upp úr blaði Norsku  
læknasamtakanna og byggist á viðtali við  
Normann E. Shumway, er því haldið fram, að hann  
hafi gert undirbúningsrannsóknir sínar við  
Stanford Háskólasjúkrahúsið í Kaliforníu.

Hið rétta er, að þessi undirbúningsvinna fór  
fram við Háskólasjúkrahúsið í Minneapolis í  
Minnesota undir yfirumsjón Owens Wangensten  
og dr. Waltons C. Lillehei. Prófessor Owen  
Wangensten var forstöðulæknir skurðdeildar Há-  
skólasjúkrahússins í Minnesota í mörg ár og var  
frumkvöðull í heiminum í því að byggja nýjungar í  
skurðlækningum á vísindalegum rannsóknum og  
tilraunum á dýrum. Undir hans yfirumsjón voru  
því gerðar margar merkar uppgötvanir og  
nýjungar á sviði skurðlækninga. Walton C. Lillehei  
var einn af frumkvöðlum opinna hjartaskurð-  
lækninga, en þeir Norman E. Shumway og  
Christian Barnard voru báðir í sérnámi í  
Minnesota á þessum árum.

Rétt er, að Shumway mun hafa lagt grunninn  
að tækninni, sem Christian Barnard síðan notaði,  
er hann framkvæmdi fyrsta hjartaflutninginn í  
mönnum, þegar hann sneri aftur til Suður-Afríku  
og sannaði þannig, að þessi aðgerð væri  
réttlætanleg á fólki.

Á þessum tíma hafði Shumway flutt sig um set  
og var nú farinn að starfa við Stanford  
Háskólasjúkrahúsið í Kaliforníu og tók síðan upp  
þráðinn og varð einn aðalfrumkvöðull þessara  
aðgerða í Bandaríkjunum.

Ég átti því láni að fagna að starfa við  
rannsóknir og tilraunir í líffæraflutningum á sömu  
rannsóknastofu og þeir fóstbræður Barnard og  
Shumway höfðu starfað á nokkrum árum áður.

Þeim sem vilja fræðast frekar um þessa sögu og  
aðrar rannsóknir og tilraunir sem gerðar voru við  
Háskólasjúkrahúsið í Minnesota til þess að gera  
opnar hjartaaðgerðir og síðan hjartaflutninga  
mögulega, skal bent á bækurnar **King of heart**, sem  
segir sögu Walton Lillehei, og ævisögu Christian  
Barnard **Eitt líf**.